

Eftirlit - Flokkun og merking -Vanmerkt efnavara í sundlaug

Dagsetning	14.6.2022
Fyrirtæki	VESO ehf.
Heimilisfang	Miðhelli 2, 221 Hafnarfjörður
Kennitala	4203200510
Starfsemi	Heildverslun með hreingerningarefni
Eftirlitsstaður	Miðhelli 2
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Almar Eiríksson
Eftirlitsmaður	Fífa Konráðsdóttir / Ísak Sigurjón Bragason
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Almar Eiríksson

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með efnavörum hjá VESO ehf. þann 9.6.2022 í kjölfar eftirlits frá Heilbrigðiseftirliti Garðarbæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness í Salalaug í Kópavogi vegna vanmerktrar vöru sem VESO ber ábyrgð á markaðssetningu á. Skoðaðar voru þrjár vörur sem reyndust ekki uppfylla kröfur sem settar eru fram í þeim lögum og reglugerðum sem falla undir umfang eftirlitsins.

MERKING HUGTAKA OG SKAMMSTAFANIR

Merking eftirfarandi hugtaka og skammstafana sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

BPR: Reglugerð (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra sem innleidd er í íslenskan rétt með reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur¹.

CLP: Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og efnablandna sem innleidd er í reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna².

Hættuflokkun/flokkun: Flokkun skv. viðeigandi ákvæðum CLP um mat á þeim áhættum sem fylgja notkun tiltekins efnis eða efnablöndu.

¹ Samsett reglugerð [nr. 878/2014](#) á vef Umhverfisstofnunar.

² Samsett reglugerð nr. 415/2014 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/samsett-reglugerd-nr-415-2014.html>

REACH: Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni sem innleidd er í reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH)³.

Sæfivara:

- sérhvert efni eða blanda, í því formi sem efnið eða blandan er afhent notendum, sem samanstendur af, inniheldur eða myndar eitt eða fleiri virk efni og er ætlað að eyða skaðlegum lífverum, bæjja þeim frá, gera þær skaðlausar, koma í veg fyrir áhrif þeirra eða verjast þeim með öðrum hætti en eingöngu efnislegum eða vélrænum aðferðum,

- sérhvert efni eða blanda sem myndast úr efnunum eða blöndum sem sjálf falla ekki undir fyrsta undirlið og er ætlað að eyða skaðlegum lífverum, bæjja þeim frá, gera þær skaðlausar, koma í veg fyrir áhrif þeirra eða verjast þeim með öðrum hætti en eingöngu efnislegum eða vélrænum aðferðum.

Virkt efni: Efni eða örvera sem verkar á skaðlegar lífverur eða verkar gegn þeim.

MERKING

Í 32. gr. efnalaga, 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 og 1. kafla III. bálks í CLP eru ákvæði um merkingar efnavara. Af þeim ákvæðum leiðir að birgjar skulu tryggja að efni og efnablöndur sem eru tilbúin til notkunar séu merkt í samræmi við hættuflokkun þeirra. Texti merkinganna er varðar hættusetningar, varnaðarsetningar og viðvörðunarorð skal vera á íslensku með ákveðnum undantekningum sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 en eiga ekki við um þær vörur sem hér eru til skoðunar.

Eftirfarandi atriði þurfa að koma fram á merkimiða í samræmi við framangreindar kröfur sbr. neðangreindar vísanir í einstök ákvæði CLP.

- Nafn, heimilisfang og símanúmer birgis eða birgja í samræmi við a)-lið 1. mgr. 17. gr. Birgir er skilgreindur sem framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifingaraðili sem setur á markað efni, eitt sér eða í blöndu, eða setur blöndu á markað.
- tilgreint magn efnisins eða blöndunnar í vöru sem er tiltæk almenningi (t.a.m. rúmmál) í samræmi við b)-lið 1. mgr. 17. gr.
- Vörukenni í samræmi við c)-lið 1. mgr. 17. gr. og 18. gr. Vörukenni eru upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á efnið eða blönduna.
 - Í tilfelli efnis: efnaheiti og CAS/EB(EC) númer þess.
 - Í tilfelli blöndu: vöruheiti og heiti allra þeirra efna í blöndunni sem hafa áhrif á flokkun hennar að því er varðar bráð eiturhrif, húðætingu eða alvarlegan augnskaða, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, krabbameinsvaldandi áhrif, eiturhrif á æxlun, næmingu öndunarfæra eða húðnæmingu, sértæk eiturhrif á marklíffæri (SEM) eða ásvelgingarhættu.
- Hættumerki í samræmi við d)-lið 17. gr. og 19. gr. og töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka.
- Viðvörðunarorð (*Varúð* eða *Hætta*) í samræmi við e)-lið 17. gr. og 20. gr.

³ Samsett reglugerð nr. 888/2015 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/REACH/samsett-reglugerd-nr-888-2015.html>

- Hættusetningarnar í samræmi við f)-lið 17. gr. sbr. 21. gr.
- Varnaðarsetningarnar í samræmi við g)-lið 17. gr. sbr. 22. gr.
- Reitur fyrir viðbótarkerkingar ef við á sbr. 17. gr. og 25. gr.

Fylgja skal töflu 1 varðandi stærð hættumerkinga og rými á umbúðum undir þær.

Tafla 1: Kröfur um lágmarksstærð merkimiða og hættumerkja. Taflan samsvarar töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka við CLP með síðari breytingum.


Rúmmál umbúðanna	Stærð merkimiðans (mm)	Stærð hvers hættumerkis (mm)
ekki umfram 3 lítra	a.m.k. 52 × 74, ef unnt er	ekki minna en 10 × 10 a.m.k. 16 × 16, ef unnt er
meira en 3 lítrar en ekki meira en 50 lítrar	a.m.k. 74 × 105	a.m.k. 23 × 23
meira en 50 lítrar en ekki meira en 500 lítrar	a.m.k. 105 × 148	a.m.k. 32 × 32
meira en 500 lítrar	a.m.k. 148 × 210	a.m.k. 46 × 46

ATH: Við mælingu á stærð hættumerkis skal miða við lengd á hliðum merkisins eins og sýnt er á mynd 1 sbr. kafla 4.3.2 í leiðbeiningarriti ECHA um merkingar og umbúðir í samræmi við CLP.⁴

ÖRYGGISBLÖÐ

Um öryggisblöð er fjallað í 30. gr. efnalaga nr. 61/2013, 5. gr. reglugerðar nr. 888/2015 og 31. gr. REACH. Kröfur um samantekt öryggisblaða er að finna í II. viðauka við REACH með síðari breytingum.

Öryggisblöð skulu fylgja efnavörum sem flokkast sem hættulegar skv. ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna⁵. Þau skulu vera á íslensku eða ensku (athugið að þrátt fyrir að í 5. gr. reglugerðar nr. 888/2015 segi að einungis sé heimilt að öryggisblöð séu á íslensku heimila efnalög einnig að blöðin séu á ensku). Kröfur um innihald og snið öryggisblaða eru settar fram með ítarlegum hætti í II. viðauka við REACH. Aðgengilegast er að nálgast viðaukann með síðari breytingum á íslensku í þýðingu reglugerðar (ESB) 2020/878 á vef EFTA.⁶ Í þessari nýjustu útgáfu II. viðauka við REACH hafa kröfur verið auknar en um það má lesa nánar á vef Umhverfisstofnunar.⁷



⁴ Guidance on labelling and packaging in accordance with Regulation (EC) No 1272/2008 á vef ECHA (PDF):

https://echa.europa.eu/documents/10162/23036412/clp_labelling_en.pdf/89628d94-573a-4024-86cc-0b4052a74d65

⁵ Samsett reglugerð nr. 415/2014 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/samsett-reglugerd-nr-415-2014.html>

⁶ Íslensk þýðing II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH) á vef EFTA:

<https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32020R0878.pdf>

⁷ Um nýjar kröfur varðandi öryggisblöð á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/atvinnulif/efni/oryggisblod/nyjar-krofur-vardandi-oryggisblod>

Öryggisblöð eiga að gera lesanda þeirra grein fyrir hættu sem stafar af efni eða blöndu og upplýsa um örugga geymslu, meðhöndlun og förgun efnisins eða blöndunnar. Öryggisblöð skulu vera í 16 liðum með mismörgum undirliðum eins og nánar er útlístað í framangreindum viðauka. Meðal þess sem koma skal fram í öryggisblöðum er:

- upplýsingar um viðeigandi og tilgreinda notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá (liður 1.2),
- símanúmer Eitrunarmiðstöðvar LSH (liður 1.4),
- flokkun efnisins eða blöndunnar skv. flokkunarviðmiðum í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (liður 2.1),
- merkingaratriði í samræmi við flokkunina sem birta skal á umbúðum vörunnar (liður 2.2),
- ýmsar upplýsingar um innihaldsefni í tilfelli efnablandna (liður 3.2),
- viðeigandi persónuhlífar við vinnu með vöruna (liður 8.2.) og margt fleira.

Fyrir heildarlýsingu krafna til innihalds öryggisblaða vísast sem fyrr segir í II. viðauka við REACH. Í þessu eftirliti voru öryggisblöð rýnd með tilliti til krafna hvað varðar liði 1, 2, 3 og 16 með undirliðum sbr. nánari útlístu að neðan.

Eftirfarandi atriði skulu koma fram í öryggisblöðum í viðeigandi undirliðum eins og viðaukinn mælir fyrir um. Athugið að hér er aðeins útlístaður sá hluti krafanna sem tekinn var til skoðunar í þessu eftirlitsverkefni og að einungis er fjallað um kröfur sem snúa að efnablöndum þar sem umfang eftirlitsins nær ekki til hreinna efna.

1. LIÐUR: Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

- 1.1 Vörukenni** í samræmi við kröfur CLP sem lýst var hér að ofan undir kaflanum um *Merkingar*.
- 1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá.** Hér skal koma fram stutt lýsing á fyrirhugaðri notkun efnisins/blöndunnar (dæmi: *hreinsiefni fyrir gler og plast*) og hér skal birgirinn taka fram hvaða notkun hann mælir gegn og ástæður þess eftir atvikum. Skrá yfir notkun sem mælt er gegn þarf ekki að vera tæmandi.
- 1.3 Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins.** Undir þessum lið skulu koma fram fullt heimilisfang og símanúmer birgisins, auk tölvupósts þar til bærs aðila sem ber ábyrgð á öryggisblaðinu. Birgir getur í þessu samhengi vísað til framleiðanda, innflytjanda, staks fulltrúa, eftirnotanda eða dreifingaraðila.
- 1.4 Neyðarsímanúmer.** Á öryggisblöðum skal koma fram símanúmer Eitrunarmiðstöðvar Landspítala: 543 2222. Til viðbótar má gefa upp almenna neyðarnúmerið 112, en það getur ekki komið í stað símanúmers Eitrunarmiðstöðvar.

2. LIÐUR: Hættugreining

- 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar.** Hér skal koma fram flokkun blöndunnar í samræmi við CLP sem lýst var hér að ofan undir kaflanum um *Flokkun*.
- 2.2 Merkingaratriði.** Undir þessum lið skal tilgreina merkingaratriði í samræmi við ákvæði CLP og hættuflokkun blöndunnar. Hér skulu því koma fram: hættumerki, viðvörunarorð, hættusetning eða -setningar og varnaðarsetning eða -setningar eftir því sem við á. Nánari útlístu á merkingaratriðum má sjá hér að ofan undir kaflanum *Merking*.
- 2.3 Aðrar hættur.** Hér skal upplýsa um hvort blandan uppfyllir viðmið um svokallaða PBT-eiginleika (þ.e. inniheldur efni sem eru þrávirk, safnast fyrir í lífverum og eru eitruð) eða vPvB-eiginleika, (þ.e. inniheldur efni sem eru mjög þrávirk og safnast fyrir í lífverum í miklum mæli). Hér skal einnig veita upplýsingar um aðrar hættur sem ekki teljast til flokkunareiginleika en geta átt þátt í þeim heildarhættum sem stafa af blöndunni.

3. LIÐUR: Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

3.2 Blöndur. Athugið að undirfyrirsögnin 3.1 Efni er sú eina sem heimilt er að sleppa í öryggisblöðum fyrir efnablöndu. Þegar um hrein efni er að ræða er sá liður notaður en þessum lið, 3.2 Blöndur, sleppt í staðinn. Undir þessum lið skulu koma fram margvíslegar upplýsingar varðandi tiltekin innihaldsefni blöndunnar. Birgjum er heimilt að skrá upplýsingar um öll efni í blöndunni ef þeir kjósa svo en skylt er að veita upplýsingar um ákveðin innihaldsefni sem hér segir.

- Ef blandan flokkast sem hættuleg:
 - efni sem flokkast sem hættuleg ef styrkur þeirrar er meiri en ýmis styrkleikamörk sem tilgreind eru nánar í lið 3.2.1.a) í A-hluta II. viðauka við REACH
 - efni sem falla undir viðmiðunarmörk fyrir váhrif á vinnustöðum sbr. reglugerð nr. 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum
 - efni með PBT- eða vPvB-eiginleika sbr. framangreint eða sem eru á listanum yfir efni sem kunna að verða skráð í XIV. viðauka (e. candidate list)
- Ef blandan flokkast ekki sem hættuleg:
 - efni sem eru í blöndunni í styrk sem nemur 1% miðað við þyngd í blöndum sem ekki eru loftkenndar og 0,2% miðað við rúmmál í loftkenndum blöndum ef viðkomandi efni
 - er hættulegt heilbrigði manna eða umhverfi í skilningi CLP
 - fellur undir viðmiðunarmörk fyrir váhrif á vinnustöðum
 - efni í blöndunni í styrk sem nemur 0,1% ef þau búa yfir PBT- eða vPvB-eiginleikum sbr. framangreint eða eru á listanum yfir efni sem kunna að verða skráð í XIV. viðauka (e. candidate list)

Fyrir framangreind innihaldsefni skal skrá:

- Heiti efnisins
- REACH skráningarnúmer
- EB-númer (e. EC number) ef það liggur fyrir
- Styrk með
 - a) nákvæmum hundradshlutum af massa eða rúmmáli í lækandi röð, ef tæknilega mögulegt,
 - b) hundradshlutabilum af massa eða rúmmáli í lækandi röð, ef tæknilega mögulegt.Ef notuð eru hundradshlutabil skal hættuflokkun blöndunnar miðast við hæsta styrk hvers innihaldsefnis.
- Flokkun efnisins skv. CLP, þ.m.t. kóða fyrir hættuflokk eða -flokka og undirflokk eða -flokka og hættusetningar eða kóða þeirra. Ef notaður er kóði setninganna skal vísa í 16. lið öryggisblaðsins og skrá þar orðréttan texta hvernar viðkomandi hættusetningar. Ef efnið hættuflokkast ekki skal leggja fram ástæðu þess að efnið er tilgreint í lið 3.2.

16. LIÐUR: Aðrar upplýsingar

Hér skulu koma fram aðrar upplýsingar sem ekki eru teknar með í 1. til 15. lið t.a.m. um endurskoðun öryggisblaðsins. Meðal þess sem koma skal fram undir þessum lið er:

- Upplýsingar um breytingar frá fyrri útgáfu ef um endurskoðað öryggisblað er að ræða og, ef við á, skýringar á breytingunum nema greint hafi verið frá þeim annars staðar í blaðinu.
- Orðréttur heildartexti hættu- og/eða varnaðarsetninga sem vísað hefur verið til annars staðar í öryggisblaðinu hafi þær ekki verið ritaðar fullum fetum í 2. til 15. lið.
- Tilvísanir í aðalheimildir og viðeigandi gögn.
- Í tilfelli blöndu skal tilgreina hvaða aðferð var notuð við að hættuflokka blönduna.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 9.6.2022, þar sem kynnt var eftirlit með efnavörum í kjölfar eftirlit heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness í Salarlaug í Kópavogi sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag og var markmið þess að skoða hvort flokkun og merkingar varanna sem féllu undir umfang eftirlits væru í samræmi við núgildandi reglugerðir um sæfivörur nr 878/2014 sem innleiðir Evrópureglugerð nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra og hvort umbúðir varanna uppfylli kröfur reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir CLP. Einnig var skoðað hvort öryggisblöð fyrir vörunar samræmist kröfum reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtaldar vörur sem falla undir umfang eftirlitsins voru skoðaðar:

Vara	Strikamerki
Kenocid 210 ¼ (20 L)	5414829044087
UN 2922Trans Fluo (25 Kg)	(01)05414829001165(10)1312144965
Virocid (20 L)	(01)05414829018484(10)3132148262

FRÁVIK⁸

Vara	Lýsing	Birgir ⁹
Kenocid 210 ¼ (20 L)	<p>Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna vera á íslensku.</p> <p>Eftirfarandi merkingaratriði þarf að lagfæra á umbúðum varanna, sem til eru á vörulager fyrirtækis og í verslun sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. <i>Viðvörðunorð</i> sbr. e)-lið 1. mgr. 17. gr. og 20. gr. 2. <i>Hættusetningar</i> í samræmi við hættuflokkun sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr. 3. <i>Varnaðarsetningar</i> í samræmi við hættuflokkun sbr. g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr. 	VESO ehf.

⁸ Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í lögum eða reglugerðum

⁹ Framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifandi með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem setur efni á markað, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum.

	<p>4. <i>Einkvæmt formúluauðkenni vantar (UFI kóði) í samræmi við lið 5 í VIII. viðauka þar sem varan er framleidd eftir 1.jan.2021.</i></p> <p>Eftirfarandi vantar undir 16. lið öryggisblaðs með vörunni sbr. nánari vísanir í kröfur í II. viðauka við REACH:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. <i>Upplýsingar um breytingar frá fyrri útgáfu sbr. 16. lið a).</i> 2. <i>Tilvísanir í aðalheimildir og viðeigandi gögn sbr. 16. lið c).</i> 3. <i>Upplýsingar um hvaða aðferð var notuð við flokkun blöndunnar sbr. 16. lið d).</i> <p>Undir 16. lið í öryggisblaðinu er jafnframt að finna afar torskilda málsgrein á íslensku. Lagfæra þyrfti þessa málsgrein eða – í ljósi þess að hún er ekki til komin vegna krafa í II. viðauka – fella hana brott.</p>	
UN 2922Trans Fluo (25 Kg)	<p>Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna vera á íslensku.</p> <p>Eftirfarandi merkingaratriði þarf að lagfæra á umbúðum varanna, sem til eru á vörulager fyrirtækis og í verslun sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. <i>Viðvörðunorð sbr. e)-lið 1. mgr. 17. gr. og 20. gr.</i> 2. <i>Hættusetningar í samræmi við hættuflokkun sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr.</i> 3. <i>Varnaðarsetningar í samræmi við hættuflokkun sbr. g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr.</i> <p>Eftirfarandi vantar undir 16. lið öryggisblaðs með vörunni sbr. nánari vísanir í kröfur í II. viðauka við REACH:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. <i>Upplýsingar um breytingar frá fyrri útgáfu sbr. 16. lið a).</i> 2. <i>Tilvísanir í aðalheimildir og viðeigandi gögn sbr. 16. lið c).</i> Í blaðinu kemur fram að upplýsingar í því séu fengnar frá heimildum sem taldar eru traustar 	VESO ehf.

	<p>en ekki er gerð grein fyrir hverjar þær eru.</p> <p>3. <i>Upplýsingar um hvaða aðferð var notuð við flokkun blöndunnar sbr. 16. lið d).</i></p>	
<p>Virocid (20 L)</p>	<p>Hættuflokkun virðist ekki í samræmi við fyrirbyggjandi upplýsingar um hættuflokkun innihaldsefna.</p> <p>Eftirfarandi merkingaratriði þarf að lagfæra á umbúðum varanna, sem til eru á vörulager fyrirtækis og í verslun sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP, og mögulega fleiri atriði eftir að upplýsingar um hættuflokkun hafa borist:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Símanúmer birgis í samræmi við a)-lið 1. mgr. 17. gr. 2. <i>Viðvörðunarorð (HÆTTA)</i> sbr. e)-lið 1. mgr. 17. gr. og 20. gr. 3. Hættumerki í samræmi við d)-lið 17. gr. og 19. gr. og töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka. Hættumerkið GHS05 vantar og einnig hættumerki GHS09 er ekki í samræmi við CLP merkingar (ekki inn í rauðum tígli). Samkvæmt samræmdri hættuflokkun vantar einnig GHS06. 4. <i>Hættusetningar</i> í samræmi við hættuflokkun sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr. Miðað við hámarksstyrk efna í upplýsingum á öryggisblaði ættu að vera fleiri hættusetningar. Hættusetning sem fylgir H317 skal vera: "Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð" 5. <i>Varnaðarsetningar</i> í samræmi við hættuflokkun sbr. g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr. <p>Eftirfarandi vantar undir 16. lið öryggisblaðs með vörunni sbr. nánari vísanir í kröfur í II. viðauka við REACH:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. <i>Upplýsingar um breytingar frá fyrri útgáfu</i> sbr. 16. lið a). 2. <i>Tilvísanir í aðalheimildir og viðeigandi gögn</i> sbr. 16. lið c). Í blaðinu kemur fram að 	<p>VESO ehf.</p>

	<p>upplýsingar í því séu fengnar frá heimildum sem taldar eru traustar en ekki er gerð grein fyrir hverjar þær eru.</p> <p>3. <i>Upplýsingar um hvaða aðferð var notuð við flokkun blöndunnar sbr. 16. lið d).</i></p> <p>Eftirfarandi frávík fannst frá reglugerð um sæfivörur:</p> <p><i>Á íslenskum miða er varan eingöngu merkt sem PT3 en til að vera lögleg á markaði þarf hún að vera einnig fyrir PT2.</i></p> <p>Á upprunalegum merkingum (frá erlendum birgi) er varan merkt fyrir PT3 (vöruflokk 3, hreinlætisvörur fyrir dýr) og PT2 (sótthreinsiefni og þörungaeyðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr). Virku efnin eru ADBAC/BKC (CAS: 68424-85-1) og DDAC (CAS: 7173-51-5). Bæði þessi efni hafa hlotið samþykki í vöruflokk 3 og því þyrfti varan markaðsleyfi til að vera seld í vöruflokk 3 eingöngu. Samþykktardagsetning þessara efna í vöruflokk 2 er ekki enn liðin og má markaðsetja vöruna svo lengi sem hún er einnig ætluð fyrir þann vöruflokk fram að samþykktardagsetningu síðasta virka efnisins.</p>	
--	---	--

ÁBENDINGAR

Þegar fyrirtæki merkir vörur sjálfst með merkimiða á íslensku gerir það fyrirtækið að birgi varanna í skilgreiningu efnalaga og þarf að merkja þær með nafni, heimilisfangi og símanúmeri, sbr. 32.gr. efnalaga nr. 61/2013.

Ef hættumerkið GHS08 á við um næmingu öndunarfæra skal ekki birta hættumerkið GHS07 fyrir húðnæmingu eða húð- eða augnertingu.

UFI-kóði

Við minnum á UFI-kóðann sem var innleitt sem merkingaratriði skv. CLP frá 1. janúar 2021, í því skyni að eitrunarmiðstöðvar geti auðveldlega greint tiltekna blöndu í neyðartilvikum:

<https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-og-merking/ufi-kodar-fyrir-efnablondur/>

Verkfæri til að auðvelda hættumerkingar

Vakin er athygli á því að á vefsíðu Umhverfisstofnunar má nálgast verkfæri sem útbúið var af stofnuninni til að auðvelda þeim sem vinna við gerð umbúðarmerkinga skv. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna að fletta upp stöðluðum texta hættu- og varnaðarsetninga. Verkfærið má nálgast á eftirfarandi slóð:

<https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/haettumerkingar-efnavara-verkfaeri.html>

Reykjavík, 27.2.2022

Fífa Konráðsdóttir